

Nd.

449. Nefndarálit

[149. mál]

um frv. til laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd hefur þriklofnað um málið. Fimm nefndarmenn leggja til að frumvarpið verði samþykkt: ég legg til að því verði vísað frá með rökstuddri dagskrá; en einn nefndarmanna, Ingvar Gíslason, mun gera grein fyrir afstöðu sinni við 2. umræðu.

Könnun á því hvort hagkvæmt væri að koma upp orkufrekum iðnaði í sambandi við Sigölduvirkjun hófst 1971 þegar fyrrverandi ríkisstjórn ákvað að ráðast í þá miklu virkjunarframkvæmd. Ástæðan fyrir þeirri könnun var sú að sýnt þótti að um alllangt árabíl yrði ekki markaður fyrir verulegan hluta þeirrar orku sem Sigölduvirkjun ynni, nema gerðar yrðu ráðstafanir til þess að koma slíkum markaði á laggirnar. Að vísu var vitað um nægan markað í landinu, þar sem um var að ræða rafhitun húsa utan varmaveitusvæða, en talið var að sá markaður kæmist í gagnið á löngum tíma sökum þess hve olíuverð var lágt. Við þessa könnun var mótuð sú nýja stefna að því er varðar orkufrekan iðnað á Íslandi, að hugsanlegt fyrirtæki yrði að verulegum meiri hluta í eigu íslenska ríkisins og lyti íslenskum lögum og reglugerðum í einu og öllu, en það telur höfundur þessa nefndarálits örlagaríkt grundvallaratriði í sambandi við iðnþróun og raunar alla skipan atvinnumála.

Þær forsendur könnunarinnar sem að markaðnum sneru breyttust með skjótum hætti haustið 1973, þegar olíuverð margfaldaðist. Um leið opnaðist rafhitunarmarkaðurinn allur; það varð stórlega hagkvæmt fyrir þjóðarheildina og einstaklinga utan jarðvarmasvæða að nota raforku til húshitunar í stað olíu, og jafngilda þau umskipti afkastamiklum útflutningsiðnaði með gjaldeyrissparnaði sínum. Rannsókn, sem hafist var handa um í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar á nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu, sýndi að til rafhitunar húsa þyrfti um 800 GWh á ári. Orkuvinnsla Sigölduvirkjunar jafngildir hins vegar 700 GWh til almennra nota og húshitunar. Þannig varð ljóst að ekki var unnt að ráðstafa neinni orku frá Sigölduvirkjun til nýs iðnaðar, án þess að það bitnaði á þeim byggðarlögum þar sem nota verður raforku til húshitunar. Þar með var orðið um val að ræða: að nota raforkuna til hitunar húsa eða til nýrrar iðnaðarframleiðslu. Höfundur þessa nefndarálits telur það ekkert álitamál að fyrri kosturinn verður að ganga fyrir, jafnt af efna- hagslegum sem félagslegum ástæðum.

Ástæða er til þess að vekja athygli á því að þeir, sem greiða atkvæði með frumvarpinu um kísiljárnverksmiðju, eru ekki að fjalla um einangruð vandamál,

heldur eru þeir jafnframt að taka ákvarðanir um önnur stórmál. Þeir eru að dæma orkuskort yfir stóra landshluta um alllangt árabil. Þeir eru að dæma óþörf olúkaup yfir þjóðarheildina og þungbæran hitunarkostnað yfir hluta þjóðarinnar. Þeir eru að ákveða að næsta meiri háttar vatnsaflsvirkjun á Íslandi verði við Hrauneyjarfoss í Tungnaá, en ekki í öðrum landshlutum.

Hér er um að ræða meginástæðuna fyrir þeirri niðurstöðu að ákvörðun um byggingu kísiljárnverksmiðju sé ekki tímabær. En hér kemur einnig fleira til. Samningsdrögum þeim, sem gerð höfðu verið við auðhringinn Union Carbide um minnihlutaaðild að verksmiðjunni, hefur verið gerbreytt íslendingum í óhag. Eignarhlutur Union Carbide hefur verið stækkaður úr 35% í 45%, greiðslur til auðhringsins fyrir þekkingu, einkaleyfi og sölustarfsemi hafa verið hækkaðar stórlega, og núverandi ríkisstjórn hefur ekki hagnýtt sér gerbreyttar aðstæður og stóraukna arðsemi til þess að tryggja eðlilega hækkun á raforkuverði. Ég flyt breytingartillögur um þessi atriði og nokkur önnur á sérstöku þingskjali, og koma þær til atkvæða ef dagskrártillaga mín verður felld. Þar mun ég einnig leggja til að ekki verði hafist handa um neinar framkvæmdir, fyrr en endanlegar niðurstöður Náttúruverndarráðs og Heilbrigðiseftirlits ríkisins eru tiltækar ásamt reglum sem taki mið af lífríki Hvalfjarðar.

Megintillaga mín er hins vegar sú að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ

Þar sem íslendingar þurfa á næstu árum að hagnýta alla tiltæka orku, fjármagn og vinnuafl til þess að nýta innlenda orkugjafa í stað olíu, m. a. með rafhitun húsa, telur deildin allar forsendur skorta til þess að koma upp orkufrekum iðnaði meðan svo er ástatt og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. apríl 1975.

Magnús Kjartansson.